

YNDISLEG AFKVÆMI

Loki seildist niður í vasann og dró upp orm, gekk til Óðins, lagði orminn í kjöltu hans en ylfinginn og stelpuna á gólfið fyrir framan.

– Kæri alfaðir, mér er sönn ánægja að afhenda þér þessi börn okkar Angurboðu og treysti þér til að gera þeim allt til góða, sagði hann og flissaði.

Hrollur fór um æsina sem sátu umhverfis Óðin þegar þau sáu kvikindin. Hvernig gat Loki sem sjálfur var einn af goðunum eignast svona fyrirbæri? Ormurinn var lítill vöxtum en þó var eins og einhver ógn umlyki hann og ósjálfrátt drógu þeir að sér fætuna þegar hann renndi sér niður á gólfið og byrjaði að mjaka sér um.

Óðinn seildist í hann. – Ég gef þér nafnið Miðgarðsormur og þú skalt dvelja í hafinu umhverfis Miðgarð. Ef þú hefur stærðina úr móðurættinni grunar mig að með tímanum náirðu að bíta í sporðinn á þér.

Svo reis hann upp og fleygði orminum af öllu afli frá sér. Goðin horfðu á hann smjúga gegnum loftið og stefna út á hið úfna haf.

– Þar mun hann dvelja til ragnaraka og safna í sig eitri sem hann spýr frá sér í hildarleiknum, sagði Óðinn myrkur á svip.

Óðinn seildist í stúlkukindina og virti hana fyrir sér. Hún var skelfileg ásýndum, annar helmingur andlitsins hvítur en hinn blár. Svipurinn var hörkulegur en einbeittur og Óðinn fann að þetta kríli ætti eftir að standa sig. Hann leit yfir hópinn sem sat spenntur og beið.

– Nýlega kom ég í Niflheim. Þar blöstu við mér vesalingar á leið til heljar en þar er ástandið vægast sagt slæmt. Dæmalaus óreiða er á öllum hlutum, hinir framliðnu ráfa um og vita ekki hvar þeir eiga að vera. Ekki skortir húsakynnin í þeim níu heimum sem þar eru og því ætti að vera hægt að koma skikki á ástandið. Mér líst svo á

Þessa firnaljótu skessu að hún muni hafa bein í nefinu. Ég set hana yfir heimana níu og fel henni að deila þeim sem þangað koma niður á rétta staði, sagði hann.

Hann reis upp og fleygði stúlkunni af öllu afli í norðurátt.

– Hel skaltu heita,
til heljar skaltu fara
og hel skaltu stjórna um aldur og ævi,
hrópaði hann á eftir henni.

Hrafnarnir lyftu sér til flugs og fylgdu henni eftir. Þeir komu von bráðar til baka og staðfestu að hún væri lent í hel og þegar byrjuð að taka til hendinni.

Þá var aðeins úlfurinn eftir. Óðinn horfði á hann þögull um stund, leit svo upp og sagði: – Fenrisúlfur heitir þessi skepna og hún verður mér að bana í fyllingu tímans.

Hvaða þrjú afkvæmi kom Loki með? _____

Hvað gerði Óðinn við orminn? _____

Hverju átti ormurinn að safna í sig? _____

Hvernig leit stelpan út? _____

Hvað voru margir heimar í Niflheimi? _____

Hvað kallaði Óðinn stelpuna? _____

Hvað sagði Óðinn að úlfurinn mundi gera sér? _____
